

VG Fornleifarannsóknir

Fornleifaskráning vegna ofanflóðavarna við Neskaupstað í Fjarðabyggð



Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Maí 2021

Forsíðurmynd er af bæjarstæði Þiljuvalla

© Indriði Skarphéðinsson og Vala Garðarsdóttir. VG Fornleifarannsóknir

Unnið fyrir Fjarðarbyggð 2021

Inngangur

Að beiðni Fjarðabyggðar fór fornleifafræðingur á vegum VG Fornleifarannsókna og mældu upp þrjár fornminjar innan framkvæmda og áhrifasvæðis ofanflóðagarða ofan við byggðina á Neskaupstað. Árið 2015 fór fram fornleifaskráning á svæðinu (Bjarni F. Einarsson 2015) en minjarnar sem um ræðu voru ekki mældar heldur var einungis tekinn staðsettningspunktur. Minjarnar voru mældar upp og skoðaðar á vettvangi 17. mars síðastliðinn.

Þrisvar áður hefur farið fram fornleifaskráning á svæðinu: Mjöll Snæsdóttir árið 1996 vegna aðalskipulags (Guðrún Kristinsdóttir, Mjöll Snæsdóttir og Guðný Zoega 1996), Guðný Zoega árið 2003 vegna snjóflóðavarnagarða (Guðný Zoega 2003) og Bjarni F. Einarsson vegna ofanflóðavarna (Bjarni F. Einarsson 2015).

Fornleifaskráning

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Til fornleifa teljast allar mannvistarleifar sem menn hafa gert eða átt við, hvar sem þær finnast svo sem á láði eða legi, og eru 100 ára eða eldri. Samkvæmt sömu lögum njóta friðaðar og friðlýstar fornleifar friðhelguðu svæði sem um nemur 15 metrum í kringum friðaðar fornleifar og 100 metrum í kringum friðlýstar fornleifar (Lög um menningarminjar 2012). Ekki voru neinar friðlýstar fornleifar skráðar innan rannsóknarsvæðis.

Þrjár minjar voru skráðar og mældar upp á svæðinu og er um að ræða sömu minjar sem Bjarni F. Einarsson skráði í sinni fornleifaskráningu 2015 (Bjarni F. Einarsson 2015). Þessar minjar eru beitarhúsatóft, gömul sundlaug og rústir bæjarstæðisins Þiljuvalla.

Númer	Tegund	Hlutverk	Aldur	Friðlýst?	Ástand	Hættumat	Hættuorsök
1	Tóft	Beitarhús	1550-1900	Nei	Greinanleg	Engin hættu	-
2	Dæld	Sundlaug	1920	Nei	Greinanleg	Mikil hættu	Framkvæmda
3	Þúst	Bæjarstæði	1850-1950	Nei	Illgreinanleg	Engin hættu	-

Table 1. Listi yfir skráðar fornleifar á rannsóknarsvæðinu.



Mynd 1. Staðsetning mældra minja.

Niðurstöður

Af þeim þrem minjum sem skráðar voru er aðeins sundlaugin (002) sem lendir undir áhrifasvæði framkvæmda og telst því í hættu. Minjar 002 og 003 eru ekki mjög fornar en Þiljuvellir (003) voru reistir um 1850 (Ármann Höskuldsson 1976) og sundlaugin kemur ekki til fyrir en upp úr 1900 (Bjarni F. Einarsson 2015). Meiri óvissa er um aldur tóftarinnar (001) en hún er nokkuð forn á að líta. Sundlaugin (002) er nýlega orðin 100 ára og er því friðuð vegna aldursákvæða ef raska þarf minjunum vegna framkvæmda verður að leita leyfis Minjastofnunnar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Heimildaskrá:

Ármann Höskuldsson rtsj (1976). Sveitir og Jarðir í Múlapingi III. Bindi. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnesi

Bjarni F. Einarsson (2015). *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra ofanflóðavarna á Norðfirði í Fjarðabyggð, Frummatsskýrsla*. Fornleifafræðistofan.

Guðný Zoëga. Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupsstað. Byggðasafn Skagfirðinga 2003.

Guðrún Kristinsdóttir, Mjöll Snæsdóttir og Guðný Zoega. (1996) *Fornleifaskrá Norðfjarðar*. Unnið fyrir Safnastofnun Austurlands

Hálfðan Haraldsson. (2008). *Norðfjarðarbók* Bókaútgáfan Hólar.

Fornleifaskrá

Númer: 001

Landareign: Nes

Dagsetning: 17.03.2021

Sérheiti:

Hlutverk: Beitarhús

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fjarðabyggð

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson

GPS: E 527429 N 750339

Tegund: Tóft

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Breidd: 5 m

Breidd veggja: 2 m

Lengd: 8 m

Vegghæð: 0.1-0.3 m

Umhverfi/staðhættir:


Tóftin er staðsett á flötum grasbletti um 6 metra utan við Stóralæk stutt frá útenda Bakkavegar.

Lýsing:

Lágreist U-laga tóft með inngang sem stendur á mótí suðri.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 002
Landareign: Nes
Dagsetning: 17.03.2021
Sérheiti:
Hlutverk: Sundlaug
Hættumat: Mikil hætta
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Sveitafélag: Fjarðabyggð
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
GPS: E 527412 N 749582
Tegund: Dæld
Fjöldi: 1
Hættuorsök: Framkvæmdir
Aldur:

Friðlýst: Nei
Breidd: 15 m
Breidd veggja:
Lengd: 16.3 m
Vegghæð:

Umhverfi/staðhættir:

Sundlaugin er staðsett í gömlum lækjarfarveg stutt neðan við Hjallaskóg ofan við byggðina.

Lýsing:

Byrjað var að gera sundlaugina 1912 en hún var ekki fullkláruð fyrr en 1920 (Bjarni F. Einarsson 2015). Hliðar sundlaugarinnar eru nokkuð beinar og sést vel að um niðurgröft er að ræða, við neðri hlið hennar hefur verið hlaðinn veggur. Sundlaugin er nálægt því að vera kassalaga og virðist vera útfall í suðaustur horni hennar en þar er veggurinn lægstur.

Heimildir:

Bjarni F. Einarsson (2015). *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra ofanflóðavarna á Norðfirði í Fjarðabyggð, Frummatsskýrsla*. Fornleifafræðistofan.

Guðrún Kristinsdóttir, Mjöll Snæsdóttir og Guðný Zoega.. (1996) *Fornleifaskrá Norðfjarðar*. Unnið fyrir Safnastofnun Austurlands

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 003
Landareign: Nes
Dagsetning: 17.03.2021
Sérheiti: Þiljuvellir
Hlutverk: Bæjarstæði
Hættumat: Engin hætta
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Illgreinanleg
Sveitafélag: Fjarðabyggð
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson
GPS: E 527257 N 748992
Tegund: Þúst
Fjöldi: 1
Hættuorsök:
Aldur: 1850-1950

Friðlýst: Nei
Breidd: 8 m
Breidd veggja:
Lengd: 11 m
Vegghæð:

Umhverfi/staðhættir:

Minjarnar eru staðsettar 30 metra aftan við íbúðarhúsið á Blómsturvöllum 43.

Lýsing:

Minjarnar eru illa farnar og ógreinilegar. Þiljuvellir byggðist um 1850 og eru þá afbýli frá Nesi (Ármann Höskuldsson 1976). Húsaskipan á bænum var þannig að baðstofa, skúr, hlaða og fjós stóðu þar í þyrpingu. Baðstofan og skúrin stóðu hlið við hlið og snæru á móti suðri. Fast upp að baðstpfunni var stór hlaða og utan undir henni var fjós. Baðstofan var 8-9 álnir á lengd og 5-6 álnir á breidd, veggir hennar voru steinhlaðnir. Snjóflóð féll á bæinn veturinn 1893-94 en ekki varð manntjón og aðeins hlaðan skemmdist (Hálfdan Haraldsson 2008)

Heimildir:

Hálfdan Haraldsson. (2008). *Norðfjarðarbók* Bókaútgáfan Hólar.

Ármann Höskuldsson rtsj (1976). Sveitir og Jarðir í Múlaþingi III. Bindi. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnesi.

Ljósmyndir/teikningar.

